

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá nr. 423 30. nóv. 1976.

Félagsmálaráðuneytið, 1. júní 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um takmörkun á togveiðum fyrir Suðvesturlandi.

1. gr.

Á tímabilinu 20. júní til 25. júlí eru allar togveiðar bannaðar fyrir Suðvesturlandi á svæði norðan línu sem dregin er frá Stafnesvita í punkt 63°55'0 N og 23°15'0 V og austan línu sem dregin er úr punkti 63°55'0 N og 23°15'0 V í 360° réttvísandi.

2. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot viðurlögum samkvæmt 17. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 7. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. júní 1977.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

AUGLÝSING

um bifreiðastöður í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 er hér með ákveðið, að bifreiðastöður skuli vera bannaðar á Reykjavíkurvegi neðan Skúlaskeiðs frá og með 20. maí 1977.

Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 9. maí 1977.

Einar Ingimundarson.